

Jóhannes
S. Kjarval

13.01.–
29.04.2018

Líðandin ta duree



Jóhannes S. Kjarval

Líðandin – la durée

Sérstaða Jóhannesar Sveinssonar Kjarval (1885–1972) í íslenskrri myndlistarsögu er óumdeild, leiftrandi hugarflug og margbreytilegt myndmál ber þess merki að hann var frjálfs og óheftur í sinni listsköpun. Hann leit- aði víða fanga og var óhræddur við að kynna sér nýjungar og takast á við ólíkar stefnur og strauma innan listarinnar og vinna úr þeim á sinn einstaka og persónulega hátt.

Leiðin til listmenntunar gekk ekki þrauta- laust og Kjarval var orðinn 26 ára gamall þegar framsýnir menn úr Ungmennafélagi Reykjavíkur gengust í ábyrgðir og söfnuðu í ferðasjóð fyrir listamanninn sem hugði á skólavist erlendis. Með 800 krónur í fartaskinu lagðist hann í viking og hélt til London í lok árs 1911, fullur bjartsýni um inngöngu í listaskóla stórborgarinnar. Skólagjöld í London voru fjárhag Kjarvals ofviða og því hélt hann af stað til Kaup- mannahafnar vorið 1912 og fékk inngöngu í Teknisk Selskabs Skole og rúmu ári síðar hóf hann nám við Det konglie Akademi í Kaupmannahöfn, þaðan sem hann lauk námi árið 1917.

Við Akademið var kennslan bundin á klafa gamalla hefða og úr takti við þær hræringar sem áttu sér stað í evrópsku listalífi á öðrum áratug síðustu aldar. Farandsýningar á veg- um Der Sturm gallerisins í Berlín á verkum ítölsku fútúristanna árið 1912 og sýningin *Kúbistar og expressjónistar* ári síðar, höfðu mikil áhrif á mótun framúrsteffunnar í Danmörku og Kjarval átti því hæfn um vik að kynna sér framsækna list samtímans. Í London gerði hann slíkt hið sama þótt hann hefði ekki komist inn í skóla, hann nýtti tímann þar meðal annars til að lesa um fjölbreytt listalífið í borginni, skoða söfn og sýningar og mála. Þar komst hann í kynni við ólíka listamenn og stefnur sem áttu eftir að hafa áhrif á margbrotið myndmál hans allt til loka ferilsins. Meðan á dvölinni í London stóð kynntist hann til að mynda fyrst stefnu ítölsku fútúristanna sem vakti áhuga hans. Fútúristarnir upphöfu augnablikið og verk þeirra grundvölluðust á kraftmiklum línunum og hraða. Þeir byggðu verk sín á nýrri fagurfræði hins dýnamíska hraða stór- borgarinnar, uppbroti og krafti hins nýja

borgarlandslags. Fútúristunum var ekkert óviðkomandi sem snéri að nútímamannin- um og í stefnuyfirlýsingu þeirra frá 1909 lofsyngja þeir fegurð hraðans og vélarinnar en ráðast gegn fortíðarhyggju sem þeir töldu einkenna ítalskan samtíma. Ljóst er að Kjarval kynnti sér hugmyndir þessara framsæknu listamanna og í ódagsettu bréfi má finna hugleiðingar hans um fútúristmann, en þar segir Kjarval:

„Ég hef lært þessa stefnu svo sem best má læra – á sama tíma og ég gekk á klassískan listaskóla – sem einungis metur venjuna hæst – ég hef vegið og mælt fútúristmann og þekki hans kosti og lesti – ég sá í Lúndúnum 1911–12 dagblöð og tímarit sem fluttu myndir af verkum fútúrista og ég komst í uppnám útaf þessari nýju stefnu.“

Helstu fylgismenn framúrstefnuhreyf- inga í upphafi tuttugustu aldar, einkum fútúristar og kúbistar, voru undir áhrifum frá hugmyndum franska heimspekingsins Henri Bergsons (1859–1941). Lykilrit hans *L'Évolution créatrice* (Skapandi þróun) sem kom út árið 1907 var grunnur að því sem kallast bergsonísk fagurfræði sem ruddi sér til rúms í Evrópu og Bandaríkjunum. Það voru helst kenningar hans um *lífsþrótt- inn* (élan vital) og *líðandina* (la durée) sem listamenn litu til og nýttu sér til dýpkunar á eigin listsköpun. Bergson velti tímaskynjun mannsins fyrir sér og setti annars vegar fram hugmyndir um tímann sem útreiknan- legan og mælanlegan tíma og hins vegar sem sálfræðilegan, innri tíma – líðandina. Það er sá tími sem maðurinn skynjar sem samfelld flæði án þess að vera með augun stöðugt á klukkunni. Líðandin er sá rauntími sem maðurinn upplifir með aðstöð minnisins en að mati Bergsons er lífið samfella minninga fortíðarinnar sem framlengjast inn í nútíðina. Guðmundur Finnbogason (1873–1944) var nemandi Bergsons í París og veturinn 1911–1912 hélt hann fjölda fyrirlestra í Reykavík um heimspekileg málefni, sem fjölluðu meðal annars um hugmyndir Berg- sons og voru gefnir út í bókinni *Hugur og heimur* árið 1912. Þeir Kjarval og Guðmundur þekktust og Kjarval átti bækur Bergsons í danskrri þýðingu svo ljóst má vera að hann

hefur þekkt nokkuð til hugmynda Bergsons. Í viðtali í Morgunblaðinu árið 1922, þar sem Kjarval fjallar um námsárin erlendis, sam-samar hann sig líka með fútúristum:

„Jeg kyntist listamönnum af öllu tagi, góðum og vondum; jeg mætti nýjum stefnum, sem fóru hliðargötur við hina æðri skóla. Það var hugsað í litum hjá þessu fólki, í litum og línum og tónum [...]. Höfuðsmennirnir voru óhræddir við dóma, því að þeir vissu að æðsti dómur er seinastur [...]. Þeir höfðu dauðann fyrir baktjald en horfðu inn í ljósið sem var fult af undarlegum formum og sundurleitum litum. Og þeir smíðuðu myndir og hluti sem þeir halda að heyri framtíðinni til. [...] Einn af þessum mönnum var jeg.“

Í verki Kjarvals *Hvítasunnudagur* (1917–1919) koma fram form sem áttu eftir að einkenna landslagsverk hans síðar á ferlinum. Kjarval umbreytir borgarlandslagi í marglita geometríska fleti og brýtur upp sjónarhornið með smærri formum og sterkum litum til að skapa margræða spennu og leik með rými og form. Í *Hvítasunnudegi* koma fram mörg einkenni framúrstefnu og bergsonískrar hug-myndafræði og í því má sjá hvernig Kjarval tengist á skýran hátt liststraumum í Evrópu. Í myndefninu birtist samsláttur hins nýja tíma stórborgarinnar og gamalla örnefna-sagna sem vitna um hjátrú fyrri alda, en slík blöndun hins nýja hraða nútímans og fyrri tíma var algeng meðal kúbista og fútúrista. Verk þeirra samanstanda oftar en ekki af marglituðum flötum eða geislum sem sem sprengja upp myndrýmið og skapa tilfinningu fyrir hreyfingu innan myndflatarins, í mörgum verka þeirra má sjá gamlar kirkjur mitt í nú-tímalegu borgarumhverfi. Líklegt má telja að Kjarval hafi kynnt sér slík verk og orðið fyrir áhrifum af þeim. Kjarval var forvitinn um það sem var efst á baugi og sækir í sama brunn bergsonískrar fagurfræði og aðrir framsækni-ir listamenn þessa tíma en vinnur jafnframt úr þeim áhrifum og velur og hafnar á persónulegum forsendum. Það er líka áhugavert að á sama tíma glímdi hann við myndgerðir af öðrum toga. Kjarval virðist drekka í sig áhrif frá stefnum og straumum og hrifast með því sem honum þótti áhugaverðast. Hann var jafnframt alla tíð meðvitaður um að hann gæti

valið og hafnað og í hugleiðingum hans um fútúristann segir Kjarval að „eftir fútúristana hafa risið margar nýrri – sú helsta kúbisminn – hann hefur rutt sér til rúms alls ekki minna en fútúristminn. [...]– svo er ég – frá einu landi sem þykist þekkjja hann og hefi ekki í hyggju að leiða hann inn í landið mitt – eða leyfa hon-um inn hér óröguðum – eins og sóttkveikju-skipi sem þá máské flytur fulla lest af nauð... undir fyrsta farrými.“

Kjarval dvaldi að mestu á Íslandi á þriðja áratugnum en fór til Parísar í ársbyrjun árið 1928 þar sem hann endurnýjaði kynni sín af myndmáli framúrstefnunnar en auk þess má sjá áhrif frá fleiri liststefnum í verkum hans í kjölfarið á þessari ferð. Í olíumálverkunum *Expanótísk artífisjón af landslagi* (1929) og *Mynd* (1929) og tússverkunum Útsýnisgeil I og II, og fleirum frá svipuðum tíma, virðist myndmálið fljótt á litid nánast óhlutbundið en við nánari skoðun má sjá hvernig Kjarval staðsetur áhorfandann hátt uppi og beinir sjónarhorninu niður líkt og horft sé ofan á stórborg úr mjög mikilli hæð. Í þessum verk-um má sjá lóðrétta línu ferningslaga flata eða glugga sem er endurtekið stef frá vatnslita-mynd Kjarvals *Hvítasunnudagur* (1916) sem er greinilega undanfari olíumálverksins með sama nafni sem áður hefur verið minnst á.

Kjarval tók síðan til við að gera myndraðir sem sýndu sibreytileika náttúrunnar þar sem myndefnið er endurtekið markvisst úr sama stæði. Með endurtekningunni nær hann að kafa djúpt í skynjun sína á náttúrunni og tímanum sem hinum eiginlega rauntíma eða líðandi í skilningi Bergsons. Í endurtekningunni birtist fortíðin sem hluti af nútíðinni, nýir hlutir og ný upplifun byggir stöðugt á fyrri reynslu. Kjarval nálgadist náttúruna með sínum einstaka hætti og í mörgum verkanna beitir hann myndmáli í anda kúbismans þar sem form náttúrunnar eru brotin upp. Í *Vetrar-mynd úr Gálgahrauni* (1960) má sjá afar fínlegt mynstur sem minnir á stöðuga umbreytingu og kyngimögnun náttúrunnar. Formin birtast endurtekið í fjölbreyttu myndmáli Kjarvals og áhrif frá fagurfræði framúrstefnunnar virðast hafa greypst inn í huga listamannsins.

Aldís Arnardóttir, sýningarstjóri



Jóhannes S. Kjarval, *Án titils* Untitled
Úr safneign Listasafns Reykjavíkur From the Reykjavík Art Museum Collection



Jóhannes S. Kjarval, *Útsýnisgeil Narrow View*, 1927–1928
Úr safneign Listasafns Reykjavíkur From the Reykjavík Art Museum Collection

Jóhannes S. Kjarval

La durée

The uniqueness of Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885–1972) in Icelandic art history is undisputed; his vivid imagination and intricate imagery demonstrate how free and uninhibited he was in his art. He found inspiration in a variety of things and was unafraid of innovation and taking on different art movements, giving his own unique and personal spin on them.

The road to art education was a bumpy one and Kjarval had reached the age of 26 when perceptive fellows from Ungmennafélag Reykjavíkur (The Reykjavik Youth Association) offered to be his guarantors and started a collection to fund the artist's travels abroad where he intended to study fine art. With 800 Icelandic Kronas in his pocket, he sailed to London at the end of 1911, hopeful of admittance to one of the city's art schools. The tuition fees in London proved too steep for Kjarval and so he found his way to Copenhagen in the spring of 1912, where he was admitted to Teknisk Selskabs Skole, and a year later he enrolled into the Royal Academy in Copenhagen, graduating in 1917.

At the Academy, the teaching was bound in old traditions that were out of touch with the movements taking place in the European art scene in the second decade of the 20th century. Circulating exhibitions curated by the Der Sturm gallery in Berlin with the works of the Italian Futurists in 1912, and the exhibition *Cubists and Expressionists* in the following year, had great impact on the Danish avant-garde, and it provided an opportunity for Kjarval to study progressive contemporary art. He had also done so in London despite not being enrolled in art school, for instance making the most of his time by reading about the diverse London art scene, visiting galleries, museums and exhibitions, while of course painting. He encountered different artists and art movements that would influence his multifaceted imagery throughout his career. During his time in London, he for instance first encountered Italian Futurism, which interested him. The Futurists glorified modernity and their work emphasised strong lines and speed. They based their work on a new aesthetic – the speed of the metropolis, the churning and vitality of the new urban landscapes. Futurists covered every aspect

of modernity and in their 1909 manifesto they praised the beauty of speed and of the machine, while criticising the nostalgia they claimed to dominate Italian art and society. It is evident that Kjarval studied the ideas of these avant-garde artists, and in an undated letter Kjarval discusses Futurism:

"I've studied this movement as best as can be – at the time when I attended a classical art school – that only had the highest praise for tradition – I've weighed and measured Futurism and I know its merits and its faults – in London in 1911–12 I saw newspapers and magazines that published images of Futurists' work and I was stirred by this new movement."

Main devotees of avant-garde in the beginning of the twentieth century, especially Futurists and Cubists, were influenced by the ideas of the French philosopher Henri Bergson (1859–1941). His key work, *Creative Evolution (L'Évolution créatrice)*, which was published in 1907, was the foundation of what has been dubbed Bergson's aesthetics, which took hold in Europe and the U.S.A. It was principally his theories on the *Vital Force* (élan vital) and *Duration* (la durée) that artists looked to and used to deepen their own artistic creation. Bergson discussed the human perception of time, and he proposed ideas about time as quantifiable and measurable time on one hand and on the other as psychological inner time – duration. That is the time that humans perceive as a continuous flow without having their eyes constantly on the clock. The Duration is the real time that humans experience with help of memory, and according to Bergson life is a continuum of past memories extending into the present. Guðmundur Finnbogason (1873–1944) was one of Bergson's students in Paris, and in the winter of 1911–1912 he held several lectures in Reykjavik on philosophical matters, including Bergson's ideas, which were published in 1912 in the book *Hugur og heimur* [Mind and world]. Kjarval and Guðmundur were acquainted and Kjarval owned Bergson's writings in Danish translation, so it is safe to conclude that he was well versed in Bergson's ideas. In an interview in the newspaper Morgunblaðið in 1922, Kjarval talks about his education abroad and identifies with Futurists:

"I got to know all sorts of artists, good and bad; I encountered new movements that took the side streets to the higher schools. People thought in colour, in colours and lines and tones [...]. The spearheads were unafraid of judgement, for they knew that the most supreme judgement is last [...] They had death as a backdrop but looked to the light, which was full of strange forms and diverse colours. And they made images and things that they believe belong to the future. [...] One of these people was me."

Kjarval's work *Whitsunday* (1917–1919) depicts forms that would characterise his landscapes later in his career. Kjarval transforms the urban landscape into multi-coloured, geometric areas, breaking up the viewpoint with smaller forms and strong colours to create ambiguous tension and play with space and form. In *Whitsunday* we find many characteristics of the avant-garde and Bergson's ideology and we see how Kjarval is clearly connected to art movements in Europe. The subject matter reveals a concordance of the modernity of the city and old tales of place names that bear witness to superstitions of earlier centuries, and such juxtaposition of modern speed and of earlier times was common among Cubists and Futurists. Their works are often composed of multi-coloured surfaces or rays that shatter the space of the image, creating a feeling of movement within the image area, many of these works depict old churches in the heart of a modern urban environment. It is likely that Kjarval had studied such works and been influenced by them. Kjarval was curious about current affairs and dipped into the same fountain of Bergson's aesthetics as other avant-garde artist of the time did, but he also manipulates that inspiration and picks and chooses on his own personal terms. It is also interesting that at the same time he also tackled other types of imagery. Kjarval seemed to absorb influences from different movements and was moved by what he found most interesting. He was additionally always aware of being able to pick and choose and in his discussion on Futurism, Kjarval said: "after Futurism there have many newer risen – the main one being Cubism – it has taken no lesser a hold than Futurism. [...] – and then I am – from one country that claims to know it and have no intention of introducing it

to my country – or letting it here in unchallenged – like a quarantine ship that is perhaps carrying a full hold of trouble ... beneath first class."

Kjarval spent most of the 20's in Iceland but left for Paris in the beginning of 1928, where he got reacquainted with the imagery of the avant-garde, but there are also signs of influences from other movements in the works he created after that trip. In the oil-paintings, *Expanotic Artification of a Landscape* (1929) and *Picture* (1929), as in his felt-tip works *Narrow View I* and *II*, and other works from around this time, Kjarval's imagery at first seems almost abstract but a closer look reveals how Kjarval places the viewer up high, turning the viewpoint downwards like looking down on a metropolis from a great height. In these works, we see a vertical line of rectangular areas or windows, a recurring theme in Kjarval's watercolour *Whitsunday* (1916), which is obviously a precursor to the aforementioned oil-painting with the same title.

Kjarval later turned to making series depicting the constant variations in nature, where the same subject matter is repeated systematically from the same place. With repetition, he manages to dig deep into his perception of nature and time as the actual real time or Duration as Bergson would have it. The repetition reveals the past as a part of the present, new things and new experiences constantly build on earlier experience. Kjarval approached nature in his unique way and in many of his works he utilises imagery in the spirit of Cubism, where nature's forms are disassembled. *Gálgahraun. Winter Seen* (1960) has a very delicate pattern – a reminder of the constant mutation and magical forces of nature. The forms appear repeatedly in Kjarval's diverse imagery, and influences from the avant-garde aesthetics seem to have made a lasting impact on the artist's mind.

Aldís Arnardóttir, curator

Dagskrá

Programme

Sunnudag, 21. janúar kl. 14.00

Leiðsögn sýningarstjóra

Sunday 21 January at 14h00

Curator Talk

Laugardag, 3. mars kl. 14.00

Málþing: Kjarval – la durée

**Aldís Arnardóttir, Ólafur Ingi Jónsson
og Benedikt Hjartarson**

Saturday 3 March at 14h00

Symposium: Kjarval – la durée

Sunnudag 25. mars kl. 14.00

Leiðsögn

Sunday 25 March at 14h00

Gallery Talk

Sunnudag, 15. apríl kl. 14.00

Leiðsögn sýningarstjóra

Sunday 15 April at 14h00

Curator Talk

Nánar um dagskrána á heimasíðu safnsins

More on the programme on

the museum's website

Þakkir

Thanks

Listasafn Íslands

National Gallery of Iceland

Listasafn Vestmannaeyja

Vestmannaeyjar Art Museum

**Einkasafn Þorvaldar Guðmundssonar
og Ingibjargar Guðmundsdóttur**

Collection of Þorvaldur Guðmundsson
and Ingibjörg Guðmundsdóttir

Háskóli Íslands

University of Iceland

Landsbanki Íslands

Landsbankinn

Arion banki

Arion Bank

**og þeir einstaklingar sem lánuðu verk
á sýninguna eða aðstoðuðu**

við undirbúning hennar með öðrum hætti

Individuals who lent works from their
collection and those who assisted
in preparing the exhibition.

Kjarvalsstaðir
Flókagata 24
105 Reykjavík
+354 411 6420

Opíð daglega
Frá 10.00 til 17.00
Open daily
10h00–17h00

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum
#listasafnreykjavíkur

